

## GJALDSKRÁ

### fyrir vatn og fráveitur í Snæfellsbæ.

#### 1. gr.

##### *Vatnsinntak.*

- 1.1 Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af áhaldahúsi Snæfellsbæjar eða bæjarverkfræðingi.

<i>Dvermál inntaks:</i>	<i>Heimæðargjald kr.</i>
32 mm	132.000
40 mm	176.000
50 mm	253.000
63 mm	485.000
75 mm	694.000
90 mm	858.000

Heimæðargjald fyrir inntök > 90 mm er reiknað út hjá vatnsveitu Snæfellsbæjar.

- 1.2 Aukakostnaður.

Vanti ídráttarrör eða að ídráttarrör reynist ónothæft greiðast 8.720 kr./m vegna skurðgraftrar.

- 1.3 Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða að frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft sem innheimtist eftir á:

<i>Dýpi:</i>	<i>Kr. á lengdarmetra:</i>
Klaki/klöpp < 30 sm	2.545
Klaki/klöpp > 30 sm	5.160

#### 2. gr.

##### *Vatnsgjald.*

- 2.1 Vatnsgjald skal nema 0,33% af fasteignamati húsnæðis í A flokki og 0,45% af fasteignamati húsnæðis í B og C flokki. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki vatnsgjald. Gjald dagar vatnsgjalds eru 7 á ári og innheimtist með fasteignaskatti sveitarfélags.

#### 3. gr.

##### *Byggingarvatn (vinnuskúravatn).*

- 3.1 Sé sótt um byggingarvatn um leið og sótt er um heimæð er gjaldið fyrir byggingarvatnskranu kr. 11.990.
- 3.2 Sé aðeins sótt um byggingarvatnskranu er gjaldið kr. 63.400 fyrir tengingu og aftengingu hans.
- 3.3 Heimæðagjald og gjald fyrir byggingarvatn skal greitt þegar sótt er um tengingu.
- 3.4 Vatnsveita Snæfellsbæjar miðar við að vinnu við heimæð sé lokið innan viku (5 vinnudaga) eftir að ósk um innlögn heimæðar berst og húsnæði uppfyllir skilyrði fyrir tengingu.

#### 4. gr.

##### *Mælaleiga.*

- 4.1 Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita Snæfellsbæjar er eigandi mælanna og skal greidd mánaðarleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári kr.</i>
15 mm	10.320
20 mm	10.500
25 mm	13.500
32 mm	15.120

40 mm	18.180
50 mm	22.200
80 mm	58.140
100 mm og stærri	61.140

## 5. gr.

*Stofngjald fráveitu.*

5.1 Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera eftirfarandi:

5.1.1 Einbýlishúsalóðir	kr. 180.000
5.1.2 Aðrar lóðir en einbýlishúsalóðir	kr. 220.000

## 6. gr.

*Álagningarstofn fráveitu.*

6.1 Álagningarstofn skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 með síðari breytingum.

## 7. gr.

*Fráveitugjald.*

7.1 Fráveitugjald skal nema 0,16% af álagningarstofni húsnæðis í A flokki og 0,20% af álagningarstofni húsnæðis í B og C flokki. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

## 8. gr.

*Rotþróargjald.*

8.1 Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa skal vera eftirfarandi:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Tæmingargjald kr.</i>
Rotþró 100 – 1.800	25.000
Rotþró 1.801 – 3.600	30.000
Rotþró 3.601 – 6.000	37.500
Rotþró 6.001 – 9.000	44.500
Rotþró 9.001 – 20.000	71.000
Rotþró yfir 20.000	13.000 pr. klst.

8.2 Tæmingargjald miðast við að rotþró sé tæmd á 3 ára fresti. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða aukagjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

8.3 Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.200.

## 9. gr.

*Verðlagsbreytingar.*

9.1 Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í október 2010 og uppfærast á 3ja mánaða fresti. Byggingarvísitala í október 2010 er 103 stig.

## 10. gr.

*Gildistaka o.fl.*

10.1 Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 25. nóvember 2010 er í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 með síðari breytingum, X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt nr. 181/2005 um fráveitur í Snæfellsbæ. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

10.2 Með samþykkt gjaldskrár þessarar falla úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Snæfellsbæjar nr. 24/2007, gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Snæfellsbæ nr. 23/2007 og gjaldskrá fyrir vatnsveitu Snæfellsbæjar nr. 23/2008.

*Snæfellsbæ, 6. apríl 2011.*

**Kristinn Jónasson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2011